

### **Ályktun um fjarveru þingmanna á þingmannafundi**

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, harmar mjög þá staðreynd, að vegna fjarveru vel flestra þingmanna var ekki hægt að halda þingmannafund í kjördæmavíku, daginn fyrir helsta viðburð stjórnsýslunnar á Vestfjörðum; Fjórðungsþing.

#### **Greinargerð:**

Fjórðungsþing er sá vettvangur þar sem saman koma á einum stað, einu sinni á ári, lang flestir fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þarna eru kjörnir fulltrúar, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, starfsmenn þeirra og nefndarmenn. Þarna fer fram á hverjum tíma sú umræða sem tekur á helstu álitamálum, helstu og mikilvægustu hagsmunamálum fjórðungsins og þarna á sér stað mikilvæg grasrótarmræða. Það er því sérlega slæmt fyrir eðlileg samskipti og hagsmunumræðu þingmanna, sem jú eru fulltrúar kjósenda kjördæmisins og þeirra sem vinna við að efla hag sveitarfélaganna, að aflýsa þurfi þingmannafundi vegna fjarveru þingmanna.

Fjórðungsþing skorar á þingmenn að hugleiða þessa stöðu og tengsl sín við grasrótina og stjórnsýslu Vestfjarða.

**Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar**